

SAMANBURDARSKJAL

Breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur

Lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003

1. gr. Markmið.

☐ Markmið laga þessara er að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis og tryggja að úrgangsstjórnun og meðhöndlun úrgangs fari þannig fram að:

- ekki skapist hætta fyrir heilbrigði manna og dýra og umhverfið verði ekki fyrir skaða,
- ekki skapist óþægindi vegna hávaða eða ólyktar,
- ekki komi fram skaðleg áhrif á landslag eða staði sem hafa sérstakt gildi,
- úrgangsstjórnun sé markviss og hagkvæm og úrgangur sem til fellur fái viðeigandi meðhöndlun,
- stuðlað sé að sjálfbærri auðlindanotkun með aðgerðum og fræðslu til að draga úr myndun úrgangs,
- nýting hráefna úr úrgangi sem fellur til sé aukin, og
- handhafar úrgangs greiði kostnað við meðhöndlun úrgangs.

2. gr. Gildissvið.

☐ Lög þessi gilda um meðhöndlun úrgangs. Um meðhöndlun úrgangs á sjó gilda lög um varnir gegn mengun sjávar. Ákvæði laga þessara um starfsleyfi taka til móttökustöðva fyrir úrgang. Um starfsleyfi fyrir aðra starfsemi þar sem úrgangur er meðhöndlaður og eftirlit með þeim gilda lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. þó [3. mgr. 14. gr.] ¹⁾

☐ Lög þessi taka ekki til:

- loftkenndra efna sem losuð eru út í andrúmsloftið,
- lands (óhreyfðs), þ.m.t. mengaðs jarðvegs sem er óuppgraffinn og bygginga sem eru varanlegar á landinu,
- ómengaðs jarðvegs og annars efniviðar úr náttúrulegu umhverfi, sem grafinn er upp við byggingarstarfsemi, sé öruggt að efniviðurinn verði notaður í byggingarstarfsemi eins og hann kemur fyrir og á staðnum þar sem hann var grafinn upp,
- geislavirks úrgangs,
- sprengiefnis sem tekið hefur verið úr notkun,
- saurefnis, sem ekki fellur undir b-lið 3. mgr., hálms og annars náttúrulegs, hættulauss efniviðar, sem tengist landbúnaði eða skógrækt og notaður er í búskap, við skógrækt eða slíks lífmassa sem er notaður til orkuframleiðslu með vinnslu eða aðferðum sem skaða ekki umhverfið eða stofna heilbrigði manna í hættu.

☐ Lögin taka enn fremur ekki til eftirfarandi atriða að því marki sem þau falla undir aðra löggjöf hér á landi:

- skólps,
- aukaafurða úr dýrum að undanteknum þeim sem eiga að fara í brennslu, til urðunar eða til notkunar í lífgas- eða myltingarstöð,
- hræja af dýrum sem hafa drepist á annan hátt en við slátrun, þ.m.t. dýr sem hafa verið drepin til að útrýma dýrafarsóttum, og sem er fargað í samræmi við lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

d. fódurefnis sem ekki telst vera eða innihalda aukaafurðir úr dýrum, eins og það er skilgreint í reglugerð um notkun og markaðssetningu fódurs.

3. gr. Skilgreiningar.

□ Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér greinir:

Afskekkt byggð: landsvæði þar sem íbúar í hverju sveitarfélagi eða byggð eru ekki fleiri en 500 og íbúar á ferkílómetra ekki fleiri en fimm og fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar, þar sem íbúar eru minnst 250 á ferkílómetra, er ekki undir 50 kílómetrum eða þar sem vegasamgöngur til næsta þéttbýlisstaðar eru torveldar hluta ársins sakir erfiðra veðurskilyrða.

Almennur úrgangur: úrgangur annar en spilliefni.

Besta fánalega tækni: framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. Tækni nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með fánalegri tækni er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum forsendum. Með bestu er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins gegn mengun.

Brennslustöð: hvers kyns tæknibúnaður sem notaður er til að brenna úrgang, hvort sem varminn sem myndast við brennsluna er nýttur eða ekki.

Byggingar- og niðurrifsúrgangur: allur sá úrgangur sem til kemur vegna byggingar- og niðurrifsstarfssemi, þ.á m. vegna viðhalds og breytinga á líftíma þeirra, og niðurrifs mannvirkja. Skilgreining þessi tekur jafnframt til úrgangs sem stafar frá minni háttar byggingar- og niðurrifsstarfsemi almennings á einkaheimilum.

[*Dreifingaraðili*: einstaklingur eða lögaðili sem býður raf- og rafeindatæki fram á markaði. Jafnframt getur dreifingaraðili talist vera framleiðandi samkvæmt skilgreiningu á framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja.] ²⁾

[*Endurnotkun*: hvers kyns aðgerð þar sem vörur eða íhlutir, sem ekki eru úrgangur, eru notuð í sama tilgangi og þau voru ætluð til í upphafi.] ¹⁾

[*Endurnýting*: aðgerð þar sem aðalútkoman er sú að úrgangur verður til gagns þar eð hann kemur í stað annars efniviðar sem hefði annars verið notaður í tilteknum tilgangi, eða hann er útbúinn til þeirrar notkunar, í stöðinni eða úti í hagkerfinu.] *Endurnýting skiptist annars vegar í efnisendurnýtingu, þ.á m. undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu og fyllingu, og hins vegar í orkuendurnýtingu, þ.á m. uppvinnslu sem skilar efni sem á að nota sem eldsneyti.*

[*Endurvinnsla*: hvers kyns endurnýtingaraðgerð sem felst í því að endurvinna úrgangsefni í vörur, efnivið eða efni, hvort sem er til notkunar í upphaflegum tilgangi eða í öðrum tilgangi. Undir þetta fellur uppvinnsla á lífrænum efniviði, en ekki orkuvinnsla og uppvinnsla sem skilar efni sem á að nota sem eldsneyti eða til fyllingar.] ¹⁾

[*Endurvinnsla skipa*: starfsemi í skipaendurvinnslustöð sem miðar að sundurhlutun skipa, algerri eða að hluta til, til að endurheimta efnisþætti og efni til uppvinnslu, til undirbúnings fyrir endurnotkun eða til endurnotkunar, um leið og séð er til þess að haldið sé utan um efni, bæði hættuleg og önnur, og felur jafnframt í sér ýmsa tengda starfsemi, svo sem geymslu og meðhöndlun efnispátta og efna á staðnum, en ekki frekari vinnslu þeirra eða förgun í aðskilinni aðstöðu.] ²⁾

Flokkun: aðgreining úrgangstegunda til þess að hægt sé að endurnýta úrgangsefni og koma þeim úrgangi sem ekki nýtist til viðeigandi förgunar.

... ¹⁾

Flutningur: ferli þegar úrgangur er fluttur í atvinnuskyni til ... ¹⁾ endurnýtingar eða förgunar.

[*Framleiðandi og innflytjandi raf- og rafeindatækja*: [aðili sem, óháð þeirri sölutækni sem er notuð,

i. framleiðir raf- og rafeindatæki undir eigin heiti eða vörumerki eða lætur hanna eða framleiða raf- og rafeindatæki og markaðssetur undir eigin heiti eða vörumerki, í því ríki þar sem hann hefur starfsstöð,

ii. endurselur raf- og rafeindatæki undir eigin heiti eða vörumerki, sem aðrir birgjar

framleiða í því ríki þar sem hann hefur starfsstöð; endursöluaðili telst þó ekki vera framleiðandi ef vörumerki framleiðandans er á tækjabúnaðinum eins og kveðið er á um í i. lið,

iii. setur raf- og rafeindatæki frá öðru ríki á markað í atvinnuskyni í því ríki þar sem hann hefur starfsstöð,

iv. selur raf- og rafeindatæki með fjarsamskiptamiðlum beint til notenda yfir landamæri, eða

v. flytur raf- og rafeindatæki inn eða út úr landinu í atvinnuskyni].²⁾ ¹⁾

[*Framleiðandi og innflytjandi rafhlaðna og rafgeyma*: aðili sem, óháð þeirri sölutækni sem er notuð,

i. framleiðir og selur rafhlöður eða rafgeyma, eða

ii. flytur rafhlöður eða rafgeyma inn eða út úr landinu í atvinnuskyni.] ³⁾

[*Framleiðandi úrgangs*: hver sá er stundar starfsemi þar sem úrgangur fellur til, þ.e. upphaflegur framleiðandi úrgangs, eða hver sá sem stundar forvinnslu, blöndun eða aðra starfsemi sem veldur breytingum á eðli eða samsetningu þessa úrgangs.] ¹⁾

Fylling: sérhver endurnýtingaraðgerð þar sem hentugur úrgangur, sem ekki er spilliefni, er notaður til endurheimtar á grafrarsvæðum eða á tæknilegan hátt við landmótun. Úrgangur sem er notaður í fyllingar verður að koma í staðinn fyrir efni sem er ekki úrgangsefni, henta í áðurnefndum tilgangi og takmarkast við það magn sem er alveg nauðsynlegt til að ná þessum tilgangi

[*Förgun*: hvers kyns aðgerð sem er ekki endurnýting, jafnvel þótt aðgerðin hafi að auki í för með sér endurheimt efna eða orku.] ¹⁾

Förgunarstaður: staður þar sem förgun úrgangs fer fram, m.a. urðunarstaðir og brennslustöðvar.

[*Grunnvatn*: vatn, kalt eða heitt, sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrrstætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í viðkomandi jarðlagi.] ¹⁾

[*Handhafi úrgangs*: framleiðandi úrgangs eða einstaklingurinn eða lögaðilinn sem hefur hann í vörslu sinni.] ¹⁾

Heimilisúrgangur (sorp):

a. blandaður úrgangur frá heimilum og úrgangur frá heimilum sem er sérstaklega safnað, þ.m.t. t.d. matarleifar, pappír og, pappi, gler, málmar, plast, lífúrgangur, viður, textill, umbúðir, raf- og rafeindatækjaúrgangur, notaðar rafhlöður og rafgeymar og rúmfrekur úrgangur, þ.m.t. dýnur og húsgögn, garðaúrgangur, gler, timbur, málmar og sams konar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h.

b. blandaður úrgangur frá öðrum uppruna og úrgangur frá öðrum uppruna sem er sérstaklega safnað, sem er svipaður að eðli og samsetningu úrgangi frá heimilum. Heimilisúrgangur felur ekki í sér úrgang frá framleiðslu, landbúnaði, skógrækt, fiskveiðum, rotþróum, fráveitukerfum, þ.m.t. seyru, úr sér gengin ökutæki eða byggingar- og niðurrifsúrgang.

Lífúrgangur: lífbrjótanlegur garðaúrgangur, þ.m.t. frá almenningsgörðum, matar- og eldhúsúrgangur frá heimilum, skrifstofum, veitingastöðum, heildsölum, mótuneytum, veislubjónustufyrirtækjum og smásölum, og sambærilegur úrgangur frá vinnslustöðvum matvæla.

Lífrænn úrgangur: úrgangur sem er niðurbriótanlegur af örverum með eða án tilkomu súrefnis, t.d. lífúrgangur, sláturúrgangur, fiskúrgangur, ölgerðarhrat, húsdýraúrgangur, timbur, lýsi, garðyrkjuúrgangur, pappír og pappi, og seyra. lífbrjótanlegur garðaúrgangur, matar- og eldhúsúrgangur frá heimilum, veitingastöðum, veislubjónustufyrirtækjum og smásölum og sambærilegur úrgangur frá vinnslustöðvum matvæla.]

Losunarmörk: mörk fyrir leyfilega losun sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Mörkin geta verið tilgreind sem massi, rúmmál, styrkur eða aðrar breytur.

Matarúrgangur: matvæli sem orðin eru að úrgangi. „Matvæli“ eru hvers konar efni eða vörur, hvort sem þau eru fullunnin, unnin að hluta eða óunnin, sem fólki er ætlað að neyta eða sem eðlilegt er að vænta að fólk neyti. Hugtakið „matvæli“ tekur einnig til drykkja, tyggigúmmis og hvers kyns efna, þ.m.t. neysluvatns, sem bætt er af ásettu ráði í matvæli við framleiðslu þeirra, vinnslu eða meðferð, svo og fæðubótarefna.

[Meðferð úrgangs: meðhöndlun úrgangs önnur en endanleg förgun.] ²⁾

Meðhöndlun úrgangs: söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, ~~endurnotkun~~, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim hefur verið lokað.

Mengun: þegar örverur, efni og efнасambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

[Miðlari úrgangs: hvert það fyrirtæki sem sér um endurnýtingu eða förgun úrgangs fyrir hönd annarra, þ.m.t. miðlarar sem taka ekki slíkan úrgang í vörslu sína.] ²⁾

Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla ... ³⁾ förgunarstaðir.

[Námuúrgangsstaður: staður í námu þar sem spilliefni sem notuð eru eða til falla við námuvinnslna eru meðhöndluð sem úrgangur.] ³⁾

Óvirkur úrgangur: úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega.

[[Raf- og rafeindatæki: búnaður sem þarf rafstraum eða rafsegulsvið til að geta starfað á réttan hátt og búnaður til að framleiða, flytja og mæla slíkan rafstraum og rafsegulsvið og er hannaður til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1000 volt þegar um er að ræða riðstraum og ekki yfir 1500 volt þegar um er að ræða jafnstraum, þ.m.t. allir íhlutir, undireiningar og aukahlutir sem eru hluti af búnaðinum.] ³⁾

[Raf- og rafeindatækjaúrgangur: raf- og rafeindatæki sem fleygt er, í heild eða að hluta, þar á meðal íhlutir, undireiningar og aukahlutir.] ³⁾

... ¹⁾ ⁴⁾

[Rafhlaða eða rafgeymir: uppspretta raforku sem myndast við beina umbreytingu efnaorku og samanstendur af einu einhlaði eða fleiri eða einu endurhlaði eða fleiri.] ³⁾

Rekstraraðili: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á meðhöndlun úrgangs í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Rekstrarúrgangur: [úrgangur frá framleiðslu, þjónustu, verslun og öðrum rekstri, annar en heimilisúrgangur]. ²⁾

Samþættar mengunarvarnir: aðferð þar sem samþættum aðgerðum er beitt til að draga sem mest úr losun mengunarefna út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg og stuðla að viðtækri umhverfisvernd með því að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið ef mengun færir á milli lofts, láðs og lagar.

[Seljandi úrgangs: hvert það fyrirtæki sem á eigin ábyrgð kaupir úrgang og selur hann síðan aftur, þ.m.t. þeir seljendur sem taka ekki úrganginn í vörslu sína.] ²⁾

[Sérstök söfnun: söfnun þar sem ~~straumi~~ úrgangs flokkum er haldið aðskildum, ~~á einhverjum tímapunkti í söfnuninni~~ eða flokkun úrgangsins, eftir tegund og eðli til að auðvelda tiltekna meðhöndlun, s.s. undirbúning fyrir endurnotkun eða endurvinnslu.] ¹⁾

[Sigvatn: vökvi sem seytlafr í gegnum urðunarstað og er veitt frá eða geymist í honum.] ¹⁾

... ¹⁾

Spilliefni: úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð um úrgang, [sbr. 43. gr.] ¹⁾

[*Söfnun*: það að safna úrgangi saman, þ.m.t. forflokkun og bráðabirgðageymsla úrgangs fyrir flutning á móttökustöð.] ¹⁾

Söfnunarstöð (gámastöð): staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.

[*Tilkynnandi*: hver sá sem hyggst flytja út úrgang eða láta flytja út úrgang og er skylt að tilkynna um það samkvæmt lögum þessum. Tilkynnandi er einn af eftirfarandi aðilum sem forgangsraðast svo: framleiðandi úrgangs, sá sem meðhöndlar úrgang, flytjandi úrgangs. Ef enginn af framangreindum aðilum er þekktur er tilkynnandi sá sem hefur úrgang í vörslu sinni.] ⁵⁾

[*Umflutningur*: flutningur úrgangs í höfn eða á flugvöll og þaðan aftur án tollafgreiðslu.] ⁵⁾

[*Undirbúningur fyrir endurnotkun*: hvers kyns aðgerðir, sem felast í skoðun, hreinsun eða viðgerð, þar sem vörur eða íhlutir þeirra, sem eru orðin að úrgangi, eru útbúin þannig að þau megi endurnota án annarrar forvinnslu.] ¹⁾

Urðun: varsla úrgangs á eða í landi sem ekki felur í sér frekari vinnslu hans eða nýtingu um fyrirsjáanlega framtíð.

Urðunarstaður: staður þar sem tekið er við úrgangi til förgunar á eða í landi, þar á meðal urðunarstaður fyrir eigin úrgang og varanlegur staður þar sem úrgangur er geymdur til lengri tíma.

[*Úrgangsforvarnir*: ráðstafanir sem gerðar eru áður en efni, efniviður eða vara er orðin að úrgangi og draga úr:

- i. magni úrgangs, þ.m.t. með endurnotkun vara eða framlengingu á notkunartíma vara,
- ii. neikvæðum áhrifum á umhverfið og heilbrigði manna vegna úrgangs sem hefur myndast, eða
- iii. innihaldi skaðlegra efna.

[*Úrgangur*: hvers kyns efni eða hlutir sem handhafi úrgangs ákveður að losa sig við, ætlar að losa sig við eða er gert að losa sig við.] ¹⁾

Vatn: grunnvatn og yfirborðsvatn.

Vöktun: kerfisbundin og síendurtekin skráning einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.

Yfirborðsvatn: kyrrstætt eða rennandi vatn á yfirborði jarðar, straumvötn, stöðuvötn og jöklar, svo og strandsjór.

II. kafli. Almenn ákvæði.

7. gr. Forgangsstöðun við meðhöndlun úrgangs.

☐ Við meðhöndlun úrgangs og setningu reglna um stjórnun og stefnu í úrgangsmálum skal eftirfarandi forgangsstöðun lögð til grundvallar:

- a. úrgangsforvarnir,
- b. undirbúningur fyrir endurnotkun,
- c. endurvinnsla,
- d. önnur endurnýting, t.d. orkuvinnsla, og
- e. förgun.

☐ Við forgangsstöðun í meðhöndlun úrgangs skal leitast við að velja þá kosti sem skila bestri heildarniðurstöðu fyrir umhverfið. Heimilt er að tilteknir straumar úrgangs víki frá forgangsstöðuninni þegar slíkt er réttlætanlegt út frá sjónarmiðum um áhrif alls vistferilsins á myndun og stjórnun slíks úrgangs.

☐ Við nánari útfærslu í stefnu, svæðisáætlunum og ákvörðunum um fyrirkomulag við meðhöndlun úrgangs skal hafa að leiðarljósi sjónarmið um að gætt sé varúðar til að umhverfið verði ekki fyrir skaða að teknu tilliti til tæknilegs framkvæmanleika og hagkvæmni.]

☐ Við gerð stefna og svæðisáætlana og töku ákvarðana um fyrirkomulag við meðhöndlun úrgangs skal nota efnahagsleg stjórnþæki og aðrar ráðstafanir til að hvetja til þeirrar forgangsriðunar við meðhöndlun úrgangs sem kemur fram í 1. mgr.

■ **[8. gr. Fyrirkomulag við söfnun og meðhöndlun úrgangs.**

☐ Sveitarstjórn skal ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. Fyrirkomulag söfnunarinnar skal stuðla að því að markmiðum laga þessara, og reglugerða settra samkvæmt þeim, þ.m.t. töluleg markmið um endurvinnslu og endurnýtingu, verði náð í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu, eftir atvikum í samstarfi við aðrar sveitarstjórnir.

☐ Sveitarstjórn setur sérstaka samþykkt um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu þar sem tilgreind eru atriði um meðhöndlun úrgangs umfram það sem greinir í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Heimilt er að samþykkt taki til tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Í slíkri samþykkt er heimilt að kveða á um fyrirkomulag sorphirðu, skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang, stærð, gerð, staðsetningu og merkingu sorpílata og sambærileg atriði. Um gerð og staðfestingu samþykktarinnar fer skv. 25. gr. ¹⁾ laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.] ²⁾

10. gr. Sérstök söfnun og flokkun úrgangs ~~Endurnotkun og endurvinnsla.~~

☐ Almennt skal við meðhöndlun úrgangs stuðlað að endurnotkun á vörum.

☐ Almennt skal við meðhöndlun úrgangs stuðlað að endurvinnslu og skal í því skyni koma upp sérstakri söfnun á úrgangi þar sem það er tæknilega, umhverfislega og efnahagslega gerlegt og viðeigandi til að uppfylla nauðsynlega gæðastaðla í viðkomandi endurvinnslugeira.

☐ Sérstök söfnun skal vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundum: pappír, málum, plasti og gleri, sbr. þó 2. mgr. 11. gr. Sveitarfélög skulu útfæra fyrirkomulag sérstakrar söfnunar í samþykkt um meðhöndlun úrgangs, sbr. 8. gr., og ákvarða hvar úrgangi er safnað þannig að það sé aðgengilegt fyrir íbúa.

☐ Koma skal upp sérstakri söfnun á heimilisúrgangi þar sem það er nauðsynlegt til að uppfylla ákvæði 1. mgr. 11. gr. og koma í veg fyrir að úrgangur blandist öðrum úrgangi eða öðrum efniviði með aðra eiginleika. Sérstök söfnun skal vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundum: pappír, málum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum. Sérstök söfnun á pappír, plasti og lífúrgangi skal fara fram á sem aðgengilegastan hátt við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli. Söfnunin skal fara fram innan lóðar viðkomandi íbúðarhúss eða lögaðila og aldrei fjær viðkomandi byggingu en 100 metrum. Sveitarfélögum er heimilt að uppfylla skyldu til sérstakrar söfnunar á gleri, málum og textíl með söfnun í grenndargáma, að því tilskildu að þau uppfylli skyldur sínar hvað varðar töluleg markmið um endurvinnslu og endurnýtingu. Sérstök söfnun á spilliefnum skal fara fram á söfnunarstöðvum sem hafa fengið starfsleyfi til að meðhöndla spilliefni. Sveitarfélög skulu útfæra nánara fyrirkomulag sérstakrar söfnunar í samþykkt um meðhöndlun úrgangs.

☐ Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá framangreindum ákvæðum um sérstaka söfnun að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum, ásamt nánari skilyrðum sem ráðherra er heimilt að setja í reglugerð, sbr. 43. gr.:

a) söfnun tiltekinna tegunda úrgangs saman hefur ekki áhrif á möguleika til endurnýtingar þeirra úrgangstegunda,

b) sérstök söfnun skilar ekki bestu niðurstöðunni fyrir umhverfið,

c) sérstök söfnun er ekki tæknilega möguleg, eða

d) sérstök söfnun myndi hafa í för með sér óhóflegan efnahagslegan kostnað,

☐ Einstaklingum og lögaðilum er skylt að flokka heimilisúrgang í samræmi við ákvæði 1. mgr.

- ☐ Við meðhöndlun úrgangs skal notast við samræmdar merkingar fyrir a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundir: pappír, málma, plast, gler, lífúrgang, textíl og spilliefni, sbr. nánari ákvæði í reglugerð sem ráðherra er heimilt að setja, sbr. 43. gr.
- ☐ Byggingar- og niðurrifsúrgangur skal flokkaður á upprunastað í a.m.k. eftirfarandi flokka: spilliefni, við, steinefni (steinsteypa, múrsteinar, flísar og keramik, steinar), málm, gler, plast og gifs.
- ☐ Lögaðilum er skylt að flokka rekstrarúrgang í samræmi við ákvæði 4. mgr. og 1. mgr. 11. gr.
- ☐ Óheimilt er að senda úrgang úr sérstakri söfnun til brennslu nema þær leifar sem eftir verða og henta ekki til endurvinnslu.
- ☐ Óheimilt er að urða úrgang sem safnað hefur verið sérstaklega til undirbúnings til endurnotkunar, endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar.

11. gr. Endurnýting.

- ☐ Úrgangur skal endurnýttur í samræmi við forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. 7. gr., og með hliðsjón af markmiðum laga þessara, sbr. 1. gr., að eins miklu leyti og unnt er. Í því skyni skal stuðla að undirbúningi fyrir endurnotkun og endurvinnslu.
- ☐ ~~Safna skal úrgangi sérstaklega ef það er nauðsynlegt til að fara að 1. mgr. og til að auðvelda eða bæta endurnýtingu og ef það er tæknilega, umhverfislega og efnahagslega gerlegt. Við sérstaka söfnun, flokkun og aðra meðhöndlun úrgangs skal reynt að forðast að blanda honum saman við annan úrgang eða efnivið sem hefur aðra eiginleika ef það leiðir til þess að úrgangurinn verði ekki endurnýttur.~~
- ☐ Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ¹⁾ nánari ákvæði um endurnýtingu úrgangs og aðgerðir við endurnýtingu hans, sbr. 43. gr.] ²⁾

21. gr. Lok úrgangsfasa.

- ☐ ~~Sérstakur úr~~Úrgangur ~~af tilteknu tagi sem hefur verið endurunnninn eða farið í gegnum aðra endurnýtingaraðgerð~~ hættir að vera úrgangur þegar hann ~~hefur farið í gegnum endurnýtingaraðgerð, m.a. endurvinnslu, og~~ uppfyllir þær sértæku viðmiðanir sem ráðherra setur í reglugerð um lok úrgangsfasa, sbr. 43. gr., í samræmi við eftirfarandi skilyrði:
 - a. efnið eða hluturinn eru ~~yfirleitt notuðætluð til notkunar~~ í sérstökum tilgangi,
 - b. markaður eða eftirspurn er eftir slíku efni eða hlut,
 - c. efnið eða hluturinn uppfyllir tæknilegu kröfurnar fyrir þennan sérstaka tilgang og samræmist þeirri löggjöf og þeim stöðlum sem gilda um vörur, og
 - d. notkun á efninu eða hlutnum hefur ekki neikvæð áhrif fyrir umhverfið eða heilbrigði manna þegar til heildarinnar er litið.

- ☐ ~~Viðmiðanir skv. 1. mgr. skulu m.a. felast í viðmiðunarmörkum fyrir mengunarvalda, ef nauðsyn krefur, og í þeim skal taka tillit til allra hugsanlegra neikvæðra umhverfisáhrifa vegna efnisins eða hlutarins.~~

- ☐ Einstaklingur eða lögaðili sem tekur í notkun efni eða hlut í fyrsta skipti eftir að hann hættir að vera úrgangur í samræmi við 1. mgr., eða setur slíkt efni eða hlut á markað í fyrsta skipti skal tryggja að efnið eða hluturinn uppfylli kröfur efnalaga og viðeigandi reglugerða settra samkvæmt þeim.

- ☐ Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um sérstakar viðmiðanir um lok úrgangsfasa, sbr. 43. gr.]

23. gr. Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs.

- ☐ Rekstraraðili förgunarstaðar, hvort sem um er að ræða sveitarfélag, byggðasamlag eða einkaaðila, skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við förgun úrgangsins, þ.m.t. uppsetningu og rekstur viðkomandi förgunarstaðar. Þar sem úrgangur er urðaður skal gjaldið einnig að svo miklu leyti sem unnt er standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, [sbr. 45. gr.], ²⁾ áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegu eftirliti í kjölfar lokunar í 30 ár. Ákvæði þetta

gildir þó ekki um rekstraraðila sem aðeins annast förgun á eigin úrgangi á framleiðslustað, [sbr. 3. mgr. 14. gr.] ²⁾

□ [Sveitarfélög skulu innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Jafnframt er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga þessara, svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál og vegna uppsetningar og reksturs nauðsynlegra innviða.] ²⁾ Skýlt Heimilt er að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu, s.s. með því að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila. Sveitarfélagi er einnig heimilt að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorpiláta og/eða þjónustustig.

□ Gjald sem sveitarfélag eða byggðasamlag innheimtir skal þó aldrei vera hærri en nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga þessara.

□ Sveitarfélögum er heimilt að fela stjórn byggðasamlags að ákvarða framangreint gjald. Sveitarfélag eða viðkomandi byggðasamlag skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldið má innheimta með aðför.

24. gr. Fræðsla til almennings og lögaðila.

□ Umhverfisstofnun skal sjá um gerð almenns fræðsluefnis og upplýsa og fræða almenning og lögaðila um [úrgangsforvarnir og] ¹⁾ meðhöndlun úrgangs í samvinnu við sveitarfélög, Úrvinnslusjóð, þá sem bera framleiðendaábyrgð, rekstraraðila og aðra eftir því sem við á.

□ Sveitarstjórnir skulu annast gerð upplýsingaefnis um [úrgangsforvarnir og] ¹⁾ meðferð úrgangs í sveitarfélaginu og fræða almenning, rekstraraðila og handhafa úrgangs um úrgangsmál í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir.] ²⁾

[VI. kafli.]¹⁾ Reglugerðir.]²⁾

■ **[43. gr.]¹⁾ Reglugerðir um úrgang og móttökustöðvar fyrir úrgang.**

[bb.] ²⁾ önnur atriði sem samræmast lögum þessum undanþágur frá sérstakri söfnun úrgangs, sbr. 10. gr.

[cc.] samræmdar merkingar úrgangstegunda, sbr. 10. gr.

[dd.] önnur atriði sem samræmast lögum þessum.

[VIII. kafli. Spilliefni.]¹⁾

■ **[54. gr. Spilliefni.**

□ Framleiðsla, söfnun og flutningur spilliefna, sem og geymsla þeirra og önnur meðhöndlun, skal vera í samræmi við markmið laganna skv. 1. gr. Sérstök söfnun skal vera á spilliefnum frá heimilum, sbr. 1. mgr. 10. gr.

□ Spilliefnum og umbúðum þeirra má hvorki blanda saman við önnur spilliefni né annan úrgang, efni eða efnivið. Þynning spilliefna telst vera blöndun.

□ Þrátt fyrir 2. mgr. er fyrirtæki, sem hefur starfsleyfi skv. 14. gr., heimilt að annast blöndun spilliefna að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a. að höfð sé hliðsjón af markmiðum laga þessara, sbr. 1. gr., og neikvæðar afleiðingar af meðhöndlun spilliefna aukist ekki og

b. að bestu fánlegu tækni sé beitt við blöndunina.

□ Hafi blöndun spilliefna orðið án þess að fullnægt hafi verið skilyrðum a- og b-liðar 3. mgr. skal aðskilja spilliefnin, svo fremi sem það sé tæknilega gerlegt. Sé slíkt ekki mögulegt skal tryggt að viðkomandi blanda verði færð til viðeigandi meðhöndlunar, sbr. 9. gr.

□ Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um meðhöndlun spilliefna, sbr. 43. gr.] ¹⁾

56. gr. Skráning spilliefna.

☐ [Handhafar spilliefna, og ef við á seljendur og miðlarar ~~spilliefna-úrgangs-ef við á~~, skulu halda skrár ~~upplýsingar í rafrænt skráningarkerfi um magn, eðli og uppruna spilliefna sem falla til hjá þeim, sem þeir safna, flytja eða meðhöndla á annan hátt-um magn og gerð spilliefna og tilgreina ráðstöfun þeirra.~~] ¹⁾

☐ Allar færslur skulu varðveittar í a.m.k. þrjú ár og skulu eftirlitsaðilar hafa aðgang að þeim.

☐ Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skráningu spilliefna, sbr. 43. gr.] ²⁾

[IX. kafli. Lífrænn úrgangur.]¹⁾

57. gr. Lífrænn úrgangur.

☐ Lífrænn úrgangur skal meðhöndlaður með hliðsjón af markmiðum laga þessara, sbr. 1. gr., og í samræmi við forgangsörðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. 7. gr., að eins miklu leyti og unnt er, einkum með því að:

- a. nota hann í moltugerð og/eða gasvinnslu,
- b. vinna úr honum áburð, eða
- c. nota efni sem eru framleidd úr honum.

☐ Lífúrgangi skal safnað sérstaklega, sbr. einnig 1. mgr. 10. gr., og hann meðhöndlaður í samræmi við 1. mgr. þessa ákvæðis.

☐ Sveitarstjórnir bera ábyrgð á að markmiðum sem sett eru um lífrænan úrgang skv. 13. gr. sé náð á þeirra svæði.

☐ Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um nýtingu og aðra meðhöndlun lífræns úrgangs, sbr. 43. gr.] ¹⁾

Lög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989

■ 3. gr.

☐ Skilagjald skal endurgreiða neytendum við móttöku á notuðum skilagjaldsskyldum umbúðum. Sömuleiðis skal greiða samsvarandi til einstaklinga, fyrirtækja eða félagasamtaka sem taka að sér að safna slíkum umbúðum til eyðingar eða endurvinnslu.

☐ Félagið skal sjá til þess að koma upp skilvirku fyrirkomulagi á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða um land allt. Félagið skal einnig endurvinna umbúðir eða koma þeim til endurvinnslu eða eyðingar stuðla að því að umbúðir fari til undirbúnings fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða annarrar endurnýtingar í samræmi við forgangsörðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. lög um meðhöndlun úrgangs, eða komi þeim annars til förgunar.

☐ Félagið skal kappkosta að ná sem bestum skilum á skilagjaldsskyldum umbúðum og hafa samstarf við sveitarfélög, einstaklinga, fyrirtæki og félagasamtök um sérstakar hreinsunarherferðir þar sem áhersla verður lögð á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða. Enn fremur verði leitað samstarfs við þá aðila sem aðstöðu hafa til úrvinnslu umbúðanna.

☐ ... ¹⁾